



### **3. þing Starfsgreinasambands Íslands 13. og 14. október 2011. Setningarávarp Björns Snæbjörnssonar, formanns SGS**

Velferðarráðherra, forseti ASÍ, góðir félagar.

Ég býð ykkur velkomin til þessa þriðja þings Starfsgreinasambands Íslands.

Þó ekki séu liðin nema tvö ár frá síðasta þingi þá hefur ótrúlega margt á daga okkar drifið síðan þá.

Ég tók óvænt við sem formaður fyrr á árinu og er óhætt að segja að tíminn síðan hafi verið viðburðaríkur.

Deilurnar innan sambandsins hafa tekið verulega á, þar sem samstaðan innan sambandsins hefur ekki verið nægilega góð og þetta því verið erfiður tími.

Vonandi hefur það ekki komið niður á félagsmönnum okkar, og hafði ekki áhrif í síðustu kjarasamningum.

Starfsgreinasambandið er á ákveðnum tímamótum. Kjörorðið okkar er „Horft til framtíðar“ og það er einmitt það sem við eigum að gera. Sátt verður að nást innan Starfsgreinasambandsins, okkur öllum til heilla.

Því er þetta kjörorð mjög táknrænt. Nú verðum við að hætta að einblína á það liðna og horfa þess í stað til framtíðar.

Samningaferlið í vetur var bæði langt og strangt. Menn lögðu á sig mikla vinnu og samstaða hjá þeim sem veittu Starfsgreinasambandinu umboð var mjög góð. Hópurinn sem vann að samningagerðinni var í nánu samstarfi við Flóabandalagið. Við bárum ekki gæfu til að sameinast í samningunum við Samtök atvinnulífsins og er það miður. Ég tel þó að við höfum að stærstum hluta gert þokkalega samninga, þrátt fyrir að við næðum ekki tvö hundruð þúsund króna lágmarkslaununum strax, þá náðum við meiru síðar á samningstímanum.

Stór hluti kjarasamninganna voru samskipti við stjórnvöld. Við náðum samkomulagi um marga hluti við þau í samvinnu við önnur landssambönd innan ASÍ og þar hafði ASÍ forystuna.

Samhliða kjarasamningum í vor gáfu stjórnvöld fögur fyrirheit varðandi aðgerðir til að örva hagvöxt og skapa störf. Því miður vantar mikið uppá að þetta hafi tekist. Yfir 12.000 manns eru án atvinnu, þúsundir hafa flust úr landi og margir hafa horfið af vinnumarkaði. Það er mikilvægt að ríkisstjórnin sýni að henni sé alvara í því að efla hér atvinnu með því að stuðla að fjárfestingum í atvinnulífinu. Það er ekki ásættanlegt að ráðherrar í ríkisstjórninni vinni gegn launafólki og leggi steina í götu arðbærra fjárfestinga.

Þá virðist margt af því sem þar var samið um, og kemur fram í nýja fjárlagafrumvarpinu, ekki vera í þeim anda sem um var samið. Því miður sýnir þetta að ekki ríkir gagnkvæmt traust milli aðila því

stjórnvöld virðast ekki ætla að standa við gefin loforð. Þau virðast ætla að hafna því samstarfi sem verkalýðshreyfingin bauð upp á. Þar er skuldavandi heimilanna einna stærsti þátturinn.

Það verður að taka á þessum málum. Fjölmörg heimili í landinu búa við óbærileg kjör, m.a. vegna lánamála sem eru alla að sliga. Það verður að taka á þessum málum strax. Fólki verður ekki boðið upp á þessar aðstæður lengur. Það þarf líka að skoða verðtrygginguna, afléttingu lána og þannig mætti lengi telja.

Því skora ég á Velferðarráðherra sem er hér á fundinum að koma þeim skilaboðum til ríkisstjórnarinnar að Starfsgreinasambandið krefjist þess að eitthvað verði gert til úrbóta í þessum málum nú þegar. Hann má líka koma þeim skilaboðum áfram til ríkisstjórnarinnar að það sé alveg ótækt hvernig ætlunin sé að koma fram við þá sem eru búnir að vera atvinnulausir í þrjú ár. Sú ráðstöfun, að fólk þurfi fyrst að vera á framfæri sveitarfélags í þrjá mánuði, með öllum þeim annmörkum sem því fylgir, áður en það fær atvinnuleysisbætur í 9 mánuði í viðbót er alveg forkastanleg. Nægur er vandi þessa fólks þó ekki sé verið að gera því enn erfiðara fyrir.

Það er einnig ólíðandi að atvinnuleysis- og örorkubætur skuli ekki hækka til samræmis við launahækkunir á almennum vinnumarkaði og svo verð ég að minnast á fyrirhugaðar breytingar varðandi viðbótar lífeyris-sparnaðinn í fjárlagafrumvarpinu.

Samkvæmt fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2012 mun skattafrádráttur vegna viðbótar lífeyrissparnaðar miðast við tveggja prósentu framlag í stað fjögurra prósentu nú. Þetta þýðir að ef menn lækka ekki

viðbótarlífeyrissparnað sinn í tvö prósent af launum frá áramótum verða þeir fyrir tvísköttun.

Góðir félagar!

Ég tel að Starfsgreinasambandið sé nauðsynlegur vettvangur fyrir íslenskt verkafólk. Eitt af meginverkefnum þessa þings verður að ræða framtíð sambandsins. Ég tel að við verðum að ná samkomulagi um framtíð þess sem landssambands og sem samnefnara félaganna.

Ef Starfsgreinasambandið verður lagt niður þá mun það veikja samstöðu launafólks og í raun eyðileggja besta verkfærið sem almennt launafólk hefur til baráttu. Starfsgreinasambandið er mikilvægur vettvangur til að tryggja hagsmuni og sjónarmið verkafólks gagnvart atvinnurekendum, en ekki síður innan Alþýðusambandsins.

Sambandið þarf nauðsynlega að taka breytingum til að laga það að nútíma aðstæðum. Stærstu félögin þurfa ekki eins mikla þjónustu frá landssambandinu og þau sem minni eru en það er algerlega nauðsynlegt að þau hafi þann samnefnara sem Starfsgreinasambandið er.

Starfsgreinasambandið og félögin hafa barist fyrir mörgu. Til dæmis er hægt að minnast á fræðslusjóðina sem eru eitt það dýrmætasta sem við höfum samið um. Þeir gefa félagsmönnum möguleika á að fá styrki til að greiða niður kostnað við að afla sér náms með vinnu.

Sjóðirnir veita fólki möguleika til að framkvæma hluti sem það hefði jafnvel ekki haft tækifæri til annars.

Annað dæmi sem ég vil nefna er VIRK starfsendurhæfingarsjóður.

Þar er verið að hjálpa fólki að komast aftur út á vinnumarkaðinn eftir veikindi eða áföll.

Þetta, ásamt mörgum öðrum mikilvægum málum, hefur allt saman náðst með samstöðu meðal launafólks, sem segir okkur enn og aftur að við verðum að vinna saman sem ein heild til að ná sem bestum árangri í baráttunni fyrir bættum kjörum félagsmanna okkar. Það gerum við ekki eitt og eitt, hvert í sínu horni, heldur gerum við það saman og ef ég fæ einhverju að ráða þá munum við starfa á þann hátt hjá Starfsgreinasambandinu.

Starfsgreinasambandið þarf að breytast og það mun breytast. Ég tel að við verðum að ganga óhrædd til verks við að fara í gagngera endurskoðun á skipulagi, hlutverki, stjórnkerfi, rekstri og lögum sambandsins. Niðurstaðan á að geta skilað okkur nýju og betra landssambandi sem mun þjóna okkur til framtíðar.

Starfsgreinasambandið á að vera öflugur samtarfs- og samráðs-vettvangur verkalýðsfélaga, sem veitir aðildarfélögum sínum þá aðstoð sem þau þurfa.

Engu að síður þurfum við að skilgreina betur hlutverk og verkefni sambandsins. Það þarf að vera skýrt hvaða verkefni eiga að vera á borði aðildarfélaganna og hvaða verkefni eiga að vera á borði landssambandsins.

Þegar sambandið var stofnað árið 2000 voru aðildarfélögin 43. Í dag hafa þau sameinast í 19 félög, og ég tel að við verðum enn að styrka grunneiningarnar og fækka þeim enn frekar með sameiningum. Samfélagið sem við búum við hefur lagt auknar skyldur á stéttarfélög. Stór og öflug stéttarfélög eru almennt betur í stakk búin að mæta þessum auknu kröfum, sem og veita bestu mögulega þjónustu við sína félagsmenn. Þetta er grundvallaratriði. Fámenn félög sem litla þjónustu geta veitt er ekki það sem við viljum búa við í dag.

Góðir félagar

Horfum til framtíðar, búum til betra Starfsgreinasamband. Leggjum til hliðar þau ágreiningsmál sem við höfum verið að kljást við að undanfögnu. Bregðumst ekki okkar félagsmönnum stöndum saman allir sem einn og vinnum áfram að góðum málum eins og við höfum alltaf gert í Starfsgreinasambandi Íslands.

Þriðja þing Starfsgreinasambandsins Íslands er sett.